



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga  
Samgöngu -og sveitarstjórnarráðuneytinu  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reyjavík

## Varðar: Bréf Eftirlitsnefndar sveitarfélaga til Akureyrarbæjar.

Vísað er til bréfs Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga dagsett 28. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir viðbrögðum Akureyrarbæjar vegna fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélagsins fyrir árið 2018.

Akureyrarbær hefur ekki orðið var við þessa túlkun áður sem eftirlitsnefndin hefur uppi í áðurnefndu bréfi um að horfa sérstaklega til reksturs A-hluta sveitarfélaga og stangast það hreinlega á við reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, en í 6. gr., b-lið reglugerðar nr. 502/2012 segir:

*„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla).“*

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar (A- og B-hluti) hefur verið jákvæð flest undanfarin ár frá 2015. Það á því ekki við að reksturinn uppfylli ekki Jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga. Undanskilið er árið 2016 er bærinn skilaði neikvæðri rekstararniðurstöðu um 80 milljónir kr.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar er meðvituð um rekstrarafkomu A-hluta. Rekstur A-hluta sveitarfélagsins er þungur og hefur verið um árabil. Rétt er þó að nefna að skuldaviðmið A-hluta sveitarfélagsins er langt innan við skuldaviðmið fjármálareglna sveitarfélag eða 59% þrátt fyrir miklar framkvæmdir. Skuldahlutfall samstæðunnar (A- og B-hluta) er 75%. Skuldsetningin er því lág miðað við umfang rekstrarins. Tekjurnar eru tiltölulega lágar í samanburði við önnur sveitarfélög en stærstu málaflokkar rekstrarins eru mjög mannaflsfrekir, s.s. rekstur málefna fatlaðra og aldraðra.

Almennt séð er rekstur sveitarfélagsins þó traustur. Ef hann er borinn saman við rekstur annarra sveitarfélaga af svipaðri stærðargráðu eru engin veruleg frávik þegar horft er á meðaltalstölur. Þó er launakostnaður umtalsvert hærri hjá Akureyrarbæ en hjá öðrum sveitarfélögum eða um 66% af tekjum árið 2017. Til samanburðar er launakostnaður 57% af tekjum hjá Hafnarfjarðarbæ. Rétt er að geta þess að önnur sveitarfélög af svipaðri stærð reka ekki öldrunarheimili líkt og Akureyrarbær og þjónusta við fatlaða er á fáum stöðum jafn umfangsmikil og á Akureyri.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Árbók sveitarfélaga 2018.

Segja má að tap A-hlutans megi skýra m.a. með erfiðum rekstri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar en Akureyrarbær hefur þurft að greiða með rekstrinum árlega undanfarin ár. Auk þess hafa lífeyrissjóðsskuldbindingar sett verulegt mark sitt á reksturinn.

Sveitarfélagið rekur nokkur verkefni fyrir ríkið og fær greitt fyrir þá þjónustu. Því miður nægja þær greiðslur ekki fyrir kostnaði við reksturinn.

1. Rekstur Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Bæjarsjóður hefur undanfarin 5 ár greitt að meðaltali 359 milljónir króna árlega með rekstrinum en sú upphæð slagar í hallarekstur A- hluta ( 416 millj. að meðaltali ) Akureyrarbæjar sl. 5 ár. Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir tæplega 230 milljóna króna framlagi. Miðað við nýja kjarasamninga er líklegt að sú tala fari í um 400 milljónir. *Uppsöfnuð framlög bæjarins með rekstri öldrunarheimilanna sl. 5 ár er ríflega 1,5 milljarður króna.* Reksturinn hefur verið tekinn út af óháðum aðilum og þar kom fram að engu er ofgert í rekstrinum.
2. Rekstur málefna fatlaðra er ennfremur mjög umfangsmikill og kostnaðarsamur hjá Akureyrarbæ. Mikill fjöldi fatlaðra einstaklinga er búsettur á Akureyri og ennfremur eru starfrækt úrræði sem eru mjög dýr. Áætlaður kostnaður árið 2020 er 2,6 milljarðar. Til viðbótar kemur rekstur búsetuúrræða, skóla-og skammtímavistunar, atvinnuúrræða, NPA og heimaþjónustu. Einnig hefur nýleg lagabreyting sem eykur lögbundinn þjónustutíma við fatlað fólk úr 10 klst/viku í 15 klst/viku valdið kostnaðarauka upp á 80 milljónir kr. hjá sveitarfélaginu. Það er ljóst að þau framlög sem fylgja fötluðu fólki duga ekki fyrir þeirri lögbundnu þjónustu sem ríkið kveður á um. Ljóst er að halli á rekstri málefna fatlaðra árið 2019 verður um 100 milljónir króna.
3. Akureyrarbær sér ennfremur um skilaskyldu fyrir Landsbókasafnið en áætlaður kostnaður er 43 milljónir árlega. Hingað til hefur ríkið ekki greitt með þeim rekstri en á síðasta ári fengust 12 milljónir til þess rekstrar eftir mikið þref við menntamálaráðuneytið. Enginn samningur er til staðar um áframhaldandi greiðslur vegna þjónustunnar og því óljóst hvort Akureyrarbær er tilbúinn til þess að halda áfram með verkefnið án greiðslna.
4. Lengi vel fékk Akureyrarbær greitt með Hlíðarskóla sem er sérúrræði fyrir börn með hegðunarvanda líkt og Klettaskóli í Reykjavík fær sem er álíka skóli. Síðan árið 2016 hefur sveitarfélagið ekki fengið sérstakar greiðslur fyrir rekstur þess skóla sem þjónar m.a. sveitarfélögunum í kring. Áður fékk sveitarfélagið um 12 milljónir árlega frá ríkinu. Árlegur kostnaður við rekstur skólans er 120 milljónir.

Akureyrarbær rekur mikla þjónustu fyrir íbúa og gesti enda gegnir Akureyri hlutverki höfuðstaðar landsbyggðarinnar. Til viðbótar við áður nefnd atriði þá leggur Akureyrarbær m.a. fjármagn til rekstrar Háskólans á Akureyri. Akureyrarbær rekur öryggisvistun fyrir ósakhæfa einstaklinga fyrir ríkið sem er fullnustuúrræði. Akureyrarbær rekur ennfremur Menningarhúsið Hof, Leikfélag Akureyrar, Listasafn Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hefur gert svo um árábil. Menningarsamningur ríkisins og Akureyrarbæjar

gerir ráð fyrir árlegum framlögum að upphæð 205 milljónir króna frá ríkinu og a.m.k. sambærilegri tölu frá Akureyrarbæ. Árlegt framlag Akureyrarbæjar er mun hærra en sú tala. Sem dæmi er rekstur Hlíðarfjalls alfarið á hendi Akureyrarbæjar. En skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er byggðasamlag sveitarfélaganna. Auk þess eru rekin fjölmörg íþróttamannvirki sem íbúar sveitarfélaganna í Eyjafirði nýta sér en Akureyrarbær ber ábyrgð á rekstrinum. Það er því ljóst að umfang rekstrar Akureyrarbæjar eru mun meira en sambærilegra sveitarfélaga á sunnanverðu landinu.

Eins og áður var nefnt hefur Akureyrarbær óskað eftir því við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti að unnin verði höfuðstaðastefna líkt og unnin hefur verið fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem uppbygging til næstu 15 ára er mótuð með fjárhagslegum vörðum.

### **Hvernig hyggst sveitarfélagið að bregðast við?**

Nú sem fyrr er áhersla Akureyrarbæjar á að draga úr kostnaði við rekstur sveitarfélagsins. Bæjaryfirvöld eru bjartsýn á að á næstu misserum muni reksturinn batna. Hins vegar er það ljóst að greiðslur fyrir verkefni sem Akureyrarbær sinnir fyrir ríkið duga ekki eins og reifað er hér að undan. Umfangsmesta tapið er af rekstri Öldrunarheimila Akureyrar og nauðsynlegt er að fá frekara fjármagn til rekstrarins. Eins og komið hefur fram í máli framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu þá dugar nýr samningur Sjúkratrygginga ekki fyrir rekstri hjúkrunarheimilanna og kemur engan veginn til móts við áður framsettar kröfur.

Nú þegar hefur sveitarfélagið hafið vinnu við að lækka rekstrarkostnað og verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi verkefni:

1. Endurskoða verkefni sem sveitarfélagið sinnir fyrir ríkisvaldið. Þessi verkefni skýra að stærstum hluta taprekstur Akureyrarbæjar.
2. Skoða einstaka þætti rekstrar Akureyrarbæjar og leggja áherslu á lögbundin þjónustu.
3. Hætta verkefnum.
4. Fara í stafrænar breytingar sem leiða munu til hagræðingar.
5. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur lagt upp með að vinna höfuðstaðastefnu í samvinnu við Akureyrarbæ og bindur sveitarfélagið vonir við að sú vinna muni skila auknum fjármunum til reksturs á verkefnum sem sveitarfélagið sér um.

Að lokum vill Akureyrarbær benda á 10. gr. áðurnefndar reglugerðar nr. 502/2012: „Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar skulu byggjast á **heildarmati** á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga. Við framkvæmd eftirlits og beitingu úrræða skal velja þau úrræði sem líklegust eru til að þau markmið sem að er stefnt nái fram að ganga, að teknu tilliti til sjálfstjórnar sveitarfélaga“.

Forsvarsmenn Akureyrarbæjar eru tilbúnir til þess að veita Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frekari upplýsingar verði eftir því óskað.

**Akureyri, 29. janúar 2020**

A handwritten signature in blue ink is written over a circular official seal. The seal features a central emblem of a bird (likely an eagle or falcon) with its wings spread, perched on a branch. The text "BÆJARSTJÓRNIN" is written in a circle around the top, and "AKUREYRI" is written at the bottom. The signature is written in a cursive style.

---

Ásthildur Sturludóttir  
bæjarstjóri